



# Knattspyrnufélagið Haukar


Hafnarfirði 10. nóvember 2015

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Hildur Bjarnadóttir

Norðurhelli 2

221 Hafnarfirði



Knattspyrnufélagið Haukar sækir um leyfi til að halda áramótabrennu á stað merktum á meðfylgjandi fylgiblaði.

Vegslóði liggur að brennustæði frá snúningshaus á vegi sem liggur samhliða bílastæðaplani sundlaugar.

Haukar hafa undanfarin ár í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ staðið fyrir skemmtanahaldi og brennu um áramót og Þrettánda. Síðustu ár hefur brenna verið á lóðinni Tjarnarvellir 7 en leyfi mun ekki fást nú fyrir þeim stað vegna breyttra aðstæðna.


Virðingarfyllst,

Knattspyrnufélagið Haukar,

Bjarni Hafsteinn Geirsson

Meðf. Afstöðumynd brennustæðis

Afrit samstarfssamings





Dags. 01.12.2014

**SAMSTARFSSAMNINGUR**

Knattspyrnufélagið Haukar (kt: 600169-0419) og Hafnarfjarðarbær (kt. 590169-7579) gera með sér samstarfssamning. Samningurinn felur í sér samstarf um áramótabrennu og þrettándagleði. Samningurinn er gerður fyrir áramótin 2014-15.

**Áramótabrenna**

- Haukar sjá um framkvæmd brennunar á Tjarnavöllum 7 svæði sem er á milli Ásbrautar og Reykjanesbrautar. Brennan skal vera sem næst Tjarnavöllum á lóðinni.
- Haukar munu sjá um móttöku brennuefnis og vöktun svæðisins.
- Haukar hafa umsjón með brennustæði þangað til ÞMH hefur slökkt í brennu og gengið frá. Slökkt verður í brennu í samráði við Hauka og hreinsun fer fram fyrsta virka dag eftir brennu.
- Haukar sjá um að hafa öll leyfi og tryggingar fyrir áramótabrennu.
- Haukar sjá um umferðarstýringu á svæðinu meðan brennan á sér stað.
- Haukar sjá um Hleðslu bálkastarins og hreinsun á svæði eftir brennu. Hafnarfjarðarbær (Þjónustumiðstöð) leggur til umferðarmerkingar eftir beiðni og útveggar tæki til hleðslu bálkastarins og til hreinsunar svæðisins eftir beiðni frá Haukum. (31-661)
- Hafnarfjarðarbær sér um auglýsingar í tengslum við kynningar vegna jólahalds í bænum. (Umsjónarmaður Hauka hefur samband við upplýsingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og tilkynnir honum hvernig framkvæmdin fer fram).
- Hafnarfjarðarbær leggur Haukum til **kr. 400.000.-** vegna umsjónar og framkvæmdar á brennunni. (06012-9130)

**Þrettándagleði**

- Haukar sjá um framkvæmd Þrettándagleðinnar sem haldin er 6. janúar á svæði félagsins á Ásvöllum.
- Haukar sækja um og sjá um að hafa öll leyfi og tryggingar fyrir þrettándagleði.
- Haukar sjá um skemmtidagskrá fyrir bæjarbúa sem innifelur varðeld, tónlist, skemmtiatriði og veglega flugeldasýningu.
- Hafnarfjarðarbær útveggar hljóðkerfi og svið. Tengiliður er menningarfulltrúi (Marín Hrafnadóttir s: 664-5776) (05712)
- Haukar sjá um umferðarstýringu á svæðinu meðan Þrettándagleðinn stendur yfir.
- Hafnarfjarðarbær sér um auglýsingar í tengslum við kynningar vegna jólahalds í bænum. Umsjónarmaður Hauka hefur samband við upplýsingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og tilkynnir honum hvernig framkvæmdin fer fram.
- Hafnarfjarðarbær leggur Haukum til **kr. 500.000.-** vegna framkvæmdarinnar. (31-661)

Fyrirtækjum í eigu bæjarins er heimilt að leggja til brennuefni í samræmi við reglur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar.

Hafnarfirði 01.12.2014

  
 f.h. Hafnarfjarðarbæjar  
**Hafnarfjarðarbær**  
 Svíðartjóni framkvæmdaæviðs

  
 f.h. Knattspyrnufélag Hauka